



Sauðárkróki, 6. nóvember 2018

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða, mál 20.

Tillagan er um að við mótun stefnu um eignir og réttindi í eigu ríkisins verði fjallað um bújarðir þar sem litið verði til ábúðar, náttúruverndar, ferðaþjónustu og möguleika fólks til að hefja búskap.

Bygðastofnun þykir rétt að benda á í þessu samhengi að í ályktun Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024 sem samþykkt var 11. júní 2018 er eftirfarandi aðgerðartillaga:

**„B.17. Bújarðir í eigu ríkisins.**

Verkefnismarkmið: Að móta eigendastefnu fyrir bújarðir í eigu ríkisins.

Gerð verði úttekt á nýtingu bújarða í eigu ríkisins. Að því loknu verði mótuð eigendastefna með það að markmiði að auðvelda fólki að hefja búskap og treysta innviði og búsetu í sveitum.“

Aðgerðartillagan er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðuneytis sem einnig er framkvæmdaraðili verkefnisins. Nokkrir samstarfsaðilar eru tilgreindir en þeir eru atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Bændasamtök Íslands, Samtök ungra bænda, Samband íslenskra sveitarfélaga, Skógræktin, Landgræðslan og Umhverfisstofnun.

Fyrir hönd Bygðastofnunar

Guðmundur Guðmundsson  
sérfræðingur á þróunarsviði Bygðastofnunar



Nefndasvið Alþingis  
B.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 12. nóvember 2018

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða, 20. mál.**

*Tilv. 201811-0004*

Bændasamtök Íslands fengu senda til umagnar tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða, 20. mál, þann 29. október sl. Bændasamtökin styðja tillöguna og vísa enn fremur til fyrri umsagna um málið.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Guðrún Vaka Steingrimsdóttir



Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 9. nóvember 2018

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða, 20. mál.**

Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir er nú lögð fram fjórða löggjafarþingið í röð, að langmestu leiti óbreytt að efni til. Fyrir liggja umsagnir Landgræðslu ríkisins um þingsályktunartillögu þessa, sjá umsögn um 414. mál á 146. löggjafarþingi, umsögn um 48. mál á 147. löggjafarþingi og umsögn um 52. mál á 148. löggjafarþingi, og vísast til þeirra.

Eins og bent er á í fyrirliggjandi þingsályktunartillögu hafa, á vef Stjórnarráðsins, verið lögð fram drög að eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Drög þessi voru kynnt haustið 2017 og bæði hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Í þeim drögum er tekið á mörgum þeim þáttum sem sýnt er að taka þurfi á í eigendastefnu fyrir bújarðir. Stofnunin telur, eins og fram kom í fyrri umsögnum, að eðlilegt sé að tekið sé á öllum þáttum tengdum bújörðum o.fl. í þeirri einu stefnu.

Fyrirhugaðar aðgerðir í loftslagsmálum, bæði binding með landgræðslu og skógrækt og stöðvun losunar koldíoxíðs frá framræstu votlendi, eru þættir sem munu hafa aukið vægi á næstu árum. Það er mat Landgræðslu ríkisins að brýn nauðsyn sé til að gengið verði frá eigendastefna ríkisins fyrir jarðir, lönd, lóðir og auðlindir hið allra fyrsta og þeirri stefnu svo framfylgt. Við þessa vinnu er eðlilegt að sérstakt tillit verði tekið bújarða, sem og annarra þátta.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landgræðslu ríkisins

Birgir Snær Fannarsson



Alþingi  
Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Breiðavaði, 8. nóvember 2018

**Vegna:** Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða. 20. mál

Samtök ungra bænda (SUB) harma það að hafa ekki verið beðin um að senda inn umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða. Eins og fram kom í umsögn Fljótsdalshérðs á málinu í vor hvetja þeir að samtökin séu höfð í samráði við mótun stefnunar. <https://www.althingi.is/alttext/erindi/148/148-352.pdf>.

SUB fagna tillögu þess efnis að í mótun almennrar stefnu um eignir og réttindi í eigu ríkisins verði sérstaklega fjallað um bújarðir þar sem litið verði til ábúðar, náttúruverndar, ferðaþjónustu og möguleika fólks til að hefja búskap. Samtökin taka undir umsögn Byggðastofnunar sem nú þegar hefur birst. Einnig viljum við benda á, að með aukinni fólksfjölgun verði að huga að fæðuöruggi í þessari mótun.

Fyrir hönd SUB

---

Jón Elvar Gunnarsson  
Varaformaður SUB

[Your Name]  
[Company Name]  
Ketilsstaðir  
641 Húsavík

Atvinnuveganefnd Alþingis

Ágæta Atvinnuveganefnd Alþingis:

Hreppsnefnd Tjörneshrepps lýsir yfir áhyggjum sínum skort á regluverki þegar kemur að eignarhaldi á jörðum á Íslandi. Það er mat hreppsnefndar að ein stærsta ástæðan fyrir fækkun íbúa í sveitum landsins sé vegna fjölda jarða sem eru í eyði vegna eignarhalds þeirra. Í flestum tilfellum er um að ræða jarðir sem efnafólk, innlent sem erlent, hefur keypt af óljósum ástæðum en gerir lítið eða ekkert með eða þá jarðir sem afkomendur fyrrum ábúenda eiga og halda í einskönar gíslingu. Í báðum tilfellum er oft komið í veg fyrir búsetu á viðkomandi jörðum og eigendur taka yfirleitt lítinn sem engan þátt í samfélaginu. Hreppsnefnd Tjörneshrepps telur vandséð að þetta fyrirkomulag sé neinum til góðs.

Öll viðleitni til að vinda ofan af þessu er af hinum góða. Til dæmis að láta kröfu um lögheimili fylgja eignarhaldi á jörðum, aukna skattheimtu af þeim eigendum jarða sem ekki búa á þeim, takmarkanir á fjölda jarða í eigu sömu aðila og fleira í þeim dúr.

Það er því í okkar huga fagnaðarefni að Alþingi sé farið að gefa þessum málum gaum.

Fyrir hönd hreppsnefndar Tjörneshrepps,

[Your Name]  
Oddviti Tjörneshrepps



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 09.11.2018  
Tilvísun ÞÍ: 2018110354/0.1

**Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða, Þingskjal 20 - 20. mál. 149. löggjafarþing 2018-2019.**

Þjóðskrá Íslands vísar til tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða þingskjal 20 – 20. mál. Þar er lagt til að fjármála- og efnahagsráðherra verði falið að fjalla sérstaklega um bújarðir í almennri stefnu um eignir og réttindi í eigu ríkisins sem honum ber að setja skv. 2. mgr. 43. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál. Þar kemur einnig fram að sambærileg mál hafi áður verið lögð fram á 146. löggjafarþingi, 147. löggjafarþingi og 148. löggjafarþingi en ekki náð fram að ganga og sé því endurflutt í uppfærði mynd.

Þann 1. mars sl., sendi Þjóðskrár Íslands umsögn sína við tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir. Þingskjal 54 – 52. mál. 148. löggjafarþing 2017-2018.

Það er mat Þjóðskrár Íslands að ekki sé tilefni til að senda inn nýja umsögn við tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða 20. mál. Hins vegar vísar Þjóðskrár Íslands til umsagnar sinnar til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir þingskjal 54 – 52. mál. frá 1. mars 2018 um sama efni.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Indriði Björn Ármannsson  
Lögfræðingur